

269

19. des.

10. gr.
Fari svo, að stúkan Verðandi nr. 9 leggist niður, skal sjóðurinn eins og hann þá verður afhendast Sambandi íslenzkra berklasjúklinga til þess að styðja bindindis- og íþróttastarfsemi meðal vistmanna að Reykjalundi.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi, er hún hefur verið skriflega samþykkt af stjórn stúkunnar Verðandi nr. 9 og staðfest af stórtemplar. Verður henni ekki breytt síðar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. desember 1950.

Sigríður Sigurðardóttir. Róbert Þorbjörnsson.

Samþykk:

Stjórn stúkunnar Verðandi nr. 9

Róbert Þorbjörnsson. Þórunn R. Simonardóttir. Kristján Þórsteinsson.
Björn Guðmundsson. Oddgeir Þorleifsson.

Veiti hér með samþykki mitt.

Skrifstofu Stórstúku Íslands, 8. desember 1950.

Kristinn Stefánsson

— stórtemplar. —

270

4. des.

AUGLÝSING

um afreksmerki hins íslenska lýðveldis.

Með bréfi forseta Íslands, dags. 6. okt. s. l., birtu í Lögbirtingablaðinu 14. s. m., var, eftir tillögu forsætisráðherra fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, stofnað afreksmerki hins íslenska lýðveldis.

Afreksmerkinu má sæma innlenda menn og erlenda, er hætt hafa lífi sínu eða heilsu við björgun íslenzkra manna úr lífsháska, enda sé upplýst með lögreglurannsókn, eða á annan fullgildan hátt, um öll atvik björgunarinnar.

Nú er maður talinn hafa unnið til afreksmerkisins, og má þá bera fram beiðni um, að hann verði þessarar sæmdar aðnjótandi.

Beiðninni skal fylgja nákvæm og skilmerkileg skýrsla um hið unna björgunarafrek sönnuð með lögregluréttarrannsókn, eða á annan fullgildan, óvæfengjanlegan hátt.

Beiðni um, að maður verði sæmdur afreksmerki, skal stíluð til forseta Íslands en send ásamt áður nefndum skilríkjum forsætisráðuneytinu, sem annast um, að skjölin komist í hendur nefndar þeirrar, sem skipuð er samkvæmt 6. gr. fyrrnefnds forsetabréfs.

Þetta er hér með birt til leiðbeiningar.

Reykjavík, 4. desember 1950.

Björn Þórðarson. Guðbjartur Ólafsson. Matthías Þórðarson.